



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 7. október 2025  
25021861/100.01 IA

Efni: Viðauki vegna stofnframlags til félagsins Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ohf.

Á árinu 2025 var stofnað félagið Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ohf. Hluthafar félagsins eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu auk Ríkissjóðs Íslands sem fer með 33% hlut.

Vinna með stofngögn virðist hafa verið frá vormánuðum 2025 og virðast síðustu breytingar á þeim hafa verið gerðar í lok ágúst 2025. Í stofngögnum kemur fram hver eignarhluti hvers aðila verður og má líkja undirritun þeirra við staðfest hlutafjárloforð.

Í byrjun september barst bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi innborgun á stofnfé og er hlutur Kópavogsbæjar samkvæmt því 106.900.000 eða 10,69%. Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2025 var þetta verkefni ekki uppi á borðum og því ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins. Á árinu 2025 var gerður samningur um aðkomu ríkisins að rekstri almenningsamgangna. Við það lækkar rekstrarframlag sveitarfélaganna til Strætó, hjá Kópavogsbæ má ætla að lækkunin nemi um 95 m.kr. á árinu 2025.

Viðauki sem lagður er hér fram er til að uppfylla loforð um greiðslu hlutafjár sem gefið hefur verið. Færsla þess verður þannig að liðurinn „Eignarhlutir og hlutafélög“ í efnahagsreikningi hækkar um sem nemur framlaginu og á móti lækkar framlag til Strætó um framangreindar 95 m.kr. og mismunurinn, 11,9 m.kr. breytir handbæru fé samsvarandi.

Er meðfylgjandi viðauki við áætlun ársins 2025 lagður fram svo ganga megi frá greiðslu á þessu loforði.

Virðingarfyllt,

---

Ingólfur Arnarson  
Deildarstjóri greiningardeildar

